



Neðri-Ás í Hjaltadal

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags



Horft til suðvesturs yfir hústóftina á bæjarhólnum í Áskoti

Bryndís Zoëga
Guðný Zoëga

2004/36

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
FORNLEIFASKRÁNING OG AÐFERÐIR	4
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
JARÐANÚMER.....	4
TEGUND, HLUTVERK OG HEITI.....	4
LEGA.....	5
STAÐHÆTTIR OG LÝSING	5
HÆTTUMAT.....	5
HEIMILDIR	6
SAGA JARÐANNA OG FORNLEIFAR	6
NEDRI-ÁS 1 146476 – 251	7
SAGA	7
NÁTTÚRUFAR OG JARÐABÆTUR.....	8
FORNLEIFASKRÁ	10
SAMANTEKT	18
HEIMILDASKRÁ	20

Fylgiskjöl:

Listi yfir hnit og loftmynd af Áskoti

Inngangur

Í tengslum við væntanlegt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Neðra-Áss, Hjaltadal var gerð fornleifaskráning á hluta jarðarinnar. Landið sem um ræðir er sumarbústaðalandið, Áskotsland. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fari fram í tengslum við skipulagsgerð og var skráningin unnin af fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að beiðni Jóns Garðarssonar bónda á Neðra-Ási. Skráning fór fram 16. ágúst 2004 og var þá gengið svæðið innan girðingarinnar sem umlykur sumarbústaðalandið. Heimildavinnu, skráningu á vettvangi og skýrslugerð vann Bryndís Zoëga, undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings. Kærar þakkir fær Jón Garðarsson bóndi í Neðra-Ási II fyrir aðstoð sína.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum,

- á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning er nauðsynleg áður en ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Við það vinnst tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og, ef vill, nýta þær til að varðveita sögu staðarins. Einnig minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem menn hefðu annars ekki gert sér grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem á að deiliskipuleggja í landi Neðra-Áss í Hjaltadal.

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minjavörslunnar, Sarp.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 (JJ, 1847).

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndum eða teikningum eftir því sem við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með upphafsstaf eða -stöfum heitis jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Neðri-Ás 1 146476 og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 251 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði á Neðri-Áss væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Neðri-Ás 1 146476 – 251- 1

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sjást engar minjar í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Áskot, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Hnitin eru gefin upp í landskerfinu ISN93 og staðsett á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsi.

Heimildamaður var Jón Garðarsson bóndi í Neðri-Ási, fæddur þar og uppalinn.

Saga jarðanna og fornleifar

Í eftirfarandi kafla er hin eiginlega fornleifaskrá en kaflinn hefst á sögu jarðarinnar, í stórum dráttum.

Neðri-Ás 1 146476 – 251

Saga

Jörðin Neðri-Ás er á tungunni milli Hjaltadalsár og Kolbeinsdalsár. Upphaflega hét jörðin Ás, en skiptist síðar í jarðirnar Neðri-Ás og Efri-Ás, og þannig er þeirra getið í ráðsmannsreikningi Hóla frá 1388. Jarðarinnar er getið í fornsögum. Í Þórðarsögu hreðu segir frá Eyvindi sem bjó að Ási í Hjaltadal, en hann barðist með Þórði hreðu í Garðshvammi í bardaganum við Össur frá Þverá (<http://www.snerpa.is/net/isl/hredu.htm>).

Kirkja var snemma reist í Neðra-Ási en hennar er getið í Kristni sögu og Þorvaldar þætti víðförla. Í Þorvaldar þætti segir; „Þorvarðr Spak-Böðvarsson lét gera kirkju á bæ sínum í Ási ok hafði með sér prest, er byskup fekk honum, at syngja sér tíðir ok veita honum guðliga þjónustu“ (ÍS:VII, 452) Þorvarður hafði tekið kristna trú ásamt nokkrum öðrum úr Norðlendingafjórðungi er Þorvaldur víðförla og Friðrekur biskup ferðuðust um landið og reyndu að kristna menn. Aðrar sögur nefna þó að Þorvarður hafi verið skírður í Englandi (SF, 9). Faðir Þorvarðs var landnámsmaðurinn Spak-Böðvar Öndóttsson sem nam land í Viðvík og móðir hans var Arnfríður dóttir Sleitu-Bjarnar landnámsmanns á Sleitubjarnarstöðum (SF, 12).

Samkvæmt Þorvaldar þætti víðförla á kirkjan að hafa risið sextán vetrum fyrir kristintöku eða árið 984 og mun tvisvar hafa verið gerð árangurslaus tilraun til að brenna hana (ÍS:VII, 452). Kirkjubyggingarinnar er einnig getið í helstu miðaldarannálum Íslands, í Jarðabók Árna og Páls og Sóknarlýsingum séra Benedikts Vigfússonar frá 1843 (Orri Vésteinsson, 1998; JÁM, 221; SS, 130) Kirkjustæðið hefur verið friðlýst frá árinu 1926 (F, 46).

Tóftir fjárhúsa eru efst í gamla túninu í Neðra-Ási og utan um þær garður. Tóftirnar hafa verið kallaðar Bænhúsið. Árið 1984 gerði Þór Magnússon þjóðminjavörður fornleifakönnun á staðnum sem staðfesti að þar væri kirkjugarður. Árið 1997 lét Þjóðminjasafn Íslands gera forkönnun á kirkjustæðinu sem benti til að þar væri að finna leifar kirkju og kirkjugarðs. Árið 1998 fór svo fram uppgröftur sem Fornleifastofnun Íslands vann fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Þá var grafið niður að yngstu kirkjuleifunum (Orri Vésteinsson, 1998).

Fjögur kot voru í landi Neðra-Áss; Áskot, Hurðarbak, Hvammkot og Kringlugerði (Ö; 2-11).

Um Áskot segir í Jarðabók frá 1713: „Áskot var hjáleiga af þessari jörð og eyddist í næstliðnum fardögum“ (JÁM, 221).

Hurðarbak er í Kolbeinsdal en það fór í eyði fyrir aldamótin 1700. Getið er um kotið í Jarðabók Árna og Páls en þar segir; „Önnur hjáleiga af Neðra – Ási hefur i auðn legið 20 ár og eru það nú fjárhúsin heiman að“. Hurðarbak hefur því farið í eyði um 1690 (JÁM,222).

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1843 er kotanna allra getið nema Hvammkots, þar segir að allar muni eyðihjáleigurnar lengi hafa óbyggðar verið (Sýslu- og sóknarlýsingar). Nafnlausrar eyðihjáleigu í Kolbeinsdal frá Ási í Hjaltadal er getið í Ferðabók Ólafs Olavíus, líklegast er að þar eigi hann við Hurðarbak (Ferðabók, 1964)

Jörðinni er nú skipt í Neðri-Ás 1 og Neðri-Ás 2 milli bræðranna Jóns og Erlings Garðarssona.

Náttúrufar og Jarðabætur

Neðri-Ás er landmikil jörð eða um 1000 hektarar (Jón Garðarsson) hún liggur á ásnum milli Hjaltadalsár og Kolbeinsdalsár og á land alla tunguna þar til árnar mætast (Ö; 1). Í Jarðabók Johnsen frá 1847 er jörðin talin 40 hundruð að dýrleika en þar segir að árið 1802 hafi hún verið talin 60 hundruð að dýrleika. Þar er jörðin jafnframt sögð kirkjujörð í bændaeigu (JJ; 267).

Landamerki eru sem hér segir; „að vestan ræðum merkjum Hjaltadalsá út í tungusporð. Þaðan að austan ræður merkjum Kolbeinsdalsá framá móts við Saurbæ. Að sunnan milli Neðra-Áss og Unastaða, ræður merkjum bein stefna úr bænum Saurbæ í Rjúpnahól, sem er kollóttur melhóll austan í ásnum, frá ánni upp að Rjúpnahól settar markvörður. Frá Rjúpnahól eftir sömu línu upp á há ás. Þaðan út há ásin gegnt Stóruvörðu. Að sunnan milli Neðra-Áss og Efra-Áss ræður merkjum Baululækur frá upptökum hans beina stefnu í Stóruvörðu, sem er ofarlega á ásnum og frá henni eftir

sömu línu upp á há-ás. Neðri-Ás á Selland, sem nær frá Fjalls- landamerkjum vestan Kolbeinsdalsár fram í Almenningshóla og upp í fjallsbrún“ (úr Landamerkjabréfi Neðra – Áss í Hólahreppi, þinglýst 27. maí 1886.)

Innsti hluti jarðarinnar er ás sem lækkar er utar dregur, þar ráða flatir lyngmóar, holt og melar. Meðfram ánum eru grösugir hvammar. Neðri-Ás þótti verjast best jarða í í Hólahreppi í harðindum enda er þar jarðsælt um vetur. Selland var á Kolbeinsdalsafreitt, þar er kallað Ássel (Ö,1-2 ; JÁM, 221). Í Jarðabók Árna og Páls segir að torfrista og stunga sé lítt nýtandi, móskurður sé nægur en vatnsból lítið (JÁM, 220)

Fornleifaskrá

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 1

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Býli, Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586860 Y: 487701

Lengd: 12 m


Breidd: 9 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingaframkvæmdir, ábúð

Heimildamaður: Jón Garðarsson



Hústóft á bæjarhóli.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Litlu sunnar [Við Gálga] eru Tjarn(ar)hólar. Austanvert við þá sést fyrir miklum húsatóftum. Er það kallað Áskot, og hefur þar líklega verið byggður bær fyrrum“ (Ö; 8). Síðar segir: „Vegur að hinum húsunum þarna [átt er við hús í sumarbústaðalandi], liggur austur rétt norðan við Minnismarkið í stefnu á húsið sem er þar sem Áskot var“ (Ö; 20).

Tóftin er á hól (bæjarhól) um ½ kílómetra norðvestur frá bæjarhúsi á Neðra Ási II og 15 metra norðan af (eystri) vegi sem liggur upp að sumarbústöðum í landi Áskots.

Lýsing

Hóllinn sem er um 30 x 40 metrar að ummáli er á bersvæði milli tveggja sumarbústaða, annar er um 50 metra suðvestan við tóftina og hinn um 100 metra norðaustan hennar. Tré hafa verið gróðursett í 20-100 metra radíus frá tóftinni. Trjárækt hófst þarna um 1980 að sögn Jóns Garðarssonar bónda í Neðra-Ási II.

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er hún vel greinileg. Hún er tvískipt og innangengt á milli hólfa. Mesta hæð veggja er um 1 metri og breidd þeirra frá 1-3 metrar. Hún er vel gróin en sér í grjótt sumstaðar. Tóftin er 12 x 9 metrar að utarmáli. Dyr eru á henni og snúa í asa.

Í örnefnaskrá segir; „Er það kallað Áskot, og hefur þar líklega verið byggður bær fyrrum“ (Ö, 8). Tóftin er eins og áður sagði vel greinileg, stærri og veggjameiri en

aðrar tóftir í nágrenni. Gæti það bent til þess að um hústóft væri að ræða en ekki er hægt að fullyrða um það.

Heimildaskrá

Örnefnastofnun Íslands; Örnefnaskrá fyrir Neðri-Ás, Rósmundur G. Ingvarsson skráði.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 2

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586890 Y: 487735


Lengd: 5 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingaframkvæmdir, skógrækt



Tóft, óþekkt hlutverk.

Staðhættir

Um 30 metrum norðaustan bæjarhóls á Áskoti er sléttuð laut sem búið að er gróðursetja tré og runna nánast hringinn í kringum. Í lautinni eru tvö hjólhýsi. Austan hennar er vegur og bílastæði, suðaustur hluti hennar markast af túngarðinum. Í lautinni suðvestanverðri er smá tunga eða upphækkun, neðan brekku, þar sem hugsanlega er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin, mjög ógreinileg og norðausturhlið hennar er horfin. Hún er um 2 x 5 metrar að utanmáli. Mesta breidd veggja er um ½ metri og mesta hæð um 20 sentímetrar. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur. Önnur tóft [nr 3] er 30 metrum austar.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 3

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft og garðlag

Staðsetning: X: 586889 Y: 487766


Lengd: 5 m

Breidd: 7 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingaframkvæmdir, skógrækt



Útihúsatóft

Staðhættir

Um 30 metrum norðaustan bæjarhóls á Áskoti er sléttuð laut sem búið að er gróðursetja tré og runna nánast hringinn í kringum. Í lautinni eru tvö hjólhýsi.

Við norðvestur horn lautarinnar er hringlaga tóft og út frá henni garðbrot. Tóftin liggur skammt austan vegarins og norðaustan við hana er timburkofi. Um 30 metrum norðaustan við er sumarbústaður og 30 metrum suðvestan tóftarinnar er túngarðurinn.

Lýsing

Tóftin er eins og áður sagði hringlaga og dyr eru á henni til suðurs. Hún er um 5 x 7 m að utanmáli. Mesta hæð og breidd veggja er um 1 m, dyr eru tæpur metri. Tóftin er mjög glögg og algróin. Búið er að gróðursetja runna/tré norðan við tóftina. Út frá tóftinni til norðausturs er um 7 m langt veggjarbrot sem liggur að áður nefndum timburkofa. Það er um metri á breidd þar sem það er breiðast og um 30 sentimetrar að hæð. Veggjarbrotið er sömuleiðis algróið.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 4

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586798

Y: 487633

Lengd: 227 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök:

Byggingarframkvæmdir,
skógrækt



Fremst á mynd er fjárhústóft [4] en túngarðurinn í baksýn

Staðhættir

Túngarður liggur í boga umhverfis Áskot. Ofan við bæjarhólinn liggur hann í

norðvestur, sveigir svo í hálfhring til vesturs og er þar rofinn af vegi sem ruddur hefur verið í gegnum hann. Garðurinn heldur svo áfram til vesturs þar til hann er aftur rofinn af vegi. Hinumegin þess vegar er hann greinilegur á um 3ja metra kafla en hverfur þar.

Lýsing

Garðurinn er í heild um 227 metrar að lengd, hann er vel gróinn en víða er búið að planta trjám í hann. Upp við garðinn eru þrjár tóftir, einn stekkur og tvær fjárhústóftir. Meðalbreidd hans er um 2 metrar.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 5

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586878 Y: 487737


Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingarframkvæmdir, skógrækt



Stekkur

Staðhættir

Um 30 metrum norður af bæjarhóli Áskots er stekkur upp við áður nefndan túngarð. Hann er rúma 45 metrum norðvestur af vegi (eystri veginum) sem liggur um

sumarbústaðalandið. Sunnan af stekknunum og túngarðinum er sleginn blettur, merktur sem fótboltavöllur. Um 80 metrum norður af stekknunum er sumarbústaður og annar rúmlega 100 metrum austur af honum.

Lýsing

Stekkurinn er eins og túngarðurinn vel gróin og sér ekki í grjót. Hann er mjög greinilegur, tvískiptur og innangengt er á milli króar og dilks. Utanmál er 4 x 8 metrar. Mesta breidd veggja eru tæpir tveir metrar og hæð tæpur metri.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 6

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586885 Y: 487638


Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingaframkvæmdir, skógrækt



Þrjár tóftir á sumarbústaðalóð.

Staðhættir

Um 90 metrum vestur af bæjarhólnum eru þrjár tóftir. Tvær fjárhústóftir liggja upp við túngarðinn en ein tóft liggur austnorðaustan sumarbústaðar sem þar stendur. Aðkeyrslan að sumarbústaðnum liggur á milli fjárhústóftanna. Tóftin stendur vestan túngarðs, hún er sú nyrðri af tveimur fjárhústóftum. Vestan hennar er bílastæði.

Lýsing

Tóftin er vel gróin en vel greinileg. Hún liggur norðaustur/suðvestur og kann tréþil að hafa verið á suðvestur hlið en þó kann að vera að hluti tóftarinnar hafi horfið vegna vegagerðar. Tóftin er að utanmáli 5 x 5 metrar og er garði fyrir miðju, hann er 4 metra langur og 1 metra breiður. Veggir tóftarinnar eru um einn metri á breidd og metri á hæð þar sem þeir eru hæstir, við túngarðinn. Búið er að gróðursetja tré meðfram tóftinni.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 7

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Fjánhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586880

Y: 487633

Lengd: 7 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingaframkvæmdir, skógrækt



Fjánhústóft [7] umkringd trjám

Staðhættir

Um 90 metra vestan bæjarhólsins eru þrjár tóftir. Tvær fjánhústóftir liggja upp við túngarðinn en ein tóft liggur austnorðaustan sumarbústaðar sem þar stendur. Aðkeyrslan að sumarbústaðnum liggur á milli fjánhústóftanna. Suðvestan aðkeyrslunnar er önnur tóft, einnig upp við túngarðinn að vestanverðu.

Lýsing

Tóftin er algróin en öllu ógreinilegri en hin fjánhústóftin. Hún snýr norðaustur/suðvestur. Garði er fyrir miðju tóftar og hún er hugsanlega tvískipt, með hlöðu við suðvestur endann. Utanmál tóftar er 6 x 7 metrar. Mesta hæð veggja er um 80 sentímetrar og breidd þeirra um 1 metri, garðinn er um 60 sentímetra breiður. Dyr eru á tóftinni til norðausturs. Búið er að gróðursetja tré umhverfis tóftina.



Neðri-Ás 1 146476 – 251- 8

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 586901

Y: 487624

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Útihúsatóft [8] við sumarbústað

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Byggingaframkvæmdir, skógrækt

Staðhættir

Um 90 metrum vestur af bæjarhólnum eru þrjár tóftir. Tvær fjárhústóftir liggja upp við túngarðinn en ein tóft liggur austnorðaustan sumarbústaðar sem þar stendur. Aðkeyrslan að sumarbústaðnum liggur á milli fjárhústóftanna.

Um 25 metra vsv af fjárhústóftunum við norðaustur hlið sumarbústaðarins er þriðja tóftin.

Lýsing

Tóftin sést mjög vel, hún snýr norðvestur/suðaustur. Hún er vel gróin en sér í stöku grjóti. Utanmál er um 4 x 5 metrar, mesta hæð og breidd veggja er um einn metri. Dyr eru á tóftinni og snúa þær mót suðvestri.

Neðri-Ás 1 146476 – 251- 9

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X: 587014

Y: 487684

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök:

Byggingaframkvæmdir,
skógrækt



Horft fram Hjaltadalinn, varða fyrir miðju

Staðhættir

Á melnum rúma 100 metra nnv af bæjarhólnum og um 100 metra sunnan af girðingu sem girðir af sumarbústaðarlandið eru óverulegar leifar af vörðu.

Lýsing

Á melnum eru greinilegar leifar af vörðu en einungis neðsti hluti hleðslunnar stendur enn.

Samantekt

Við vettvangsathugun voru skráðar níu minjar við býlið Áskot í landi Neðri-Áss. Minjarnar sem voru skráðar voru bæjahóll Áskots, túngarður, stekkur og fjárhús og aðrar tóftir sem tilheyrt hafa kotinu auk vörðubrots á mel norðan bæjarhólsins.

Allar liggja minjarnar á svæði þar sem þegar hafa verið byggðir sumarbústaðir og annað jarðrask farið fram. Nú eru uppi hugmyndir um frekari stækkun sumarbústaðalandsins og fjölgun sumarbústaða. Deiliskipulag svæðisins liggur ekki fyrir og því er erfitt að meta í hversu mikilli hættu tóftirnar eru vegna nýbygginga. Fornleifaskráningin var gerð með það í huga að mögulegt verði að skipuleggja svæðið með tilliti til þeirra fornleifa sem þar eru.

Sumarbústaðir eru oft reistir á fallegum náttúru- og útsýnisstöðum, í námunda við vatnsból og önnur hlunnindi. Þeir þættir sem ráða staðarvali nútíma sumarhúsa eru gjarnan þeir sömu og réðu ferð þegar bæjar- og útihúsum voru valdir staðir á öldum áður. Því er skráning fornleifa mikilvægur þáttur í skipulagningu einstakra sumarhúsalóða og einnig stærri sumarhúsabyggða.

Töluvert hefur verið sett niður af trjám við sumarbústaðina, einnig í og við túngarðinn og tóftirnar en skóg- og jarðrækt er oft á tíðum nokkur við sumarhúsabyggðir. Mesta beina hættan sem minjum stafar af skógrækt eru rætur trjáa og annars gróðurs sem plantað er í og við þær. Ræturnar aflaga og róta til jarðlægum mannvistarlögum svo sem torfveggjum og gólflögum þannig að mikilvægar fornleifafræðilegar upplýsingar fara forgörðum. Trjágróður á minjastöðum rýrir fornleifafræðilegt gildi þeirra.

Greinilegt er að við þær framkvæmdir sem þegar hafa farið fram hefur tillit verið tekið til þeirra minjanna sem hér um ræðir. Við frekara skipulag svæðisins ber að gæta að því að tóftir séu ekki í of mikilli nálægð við verklegar framkvæmdir og einnig skyldi hyggja að því að ekki sé plantað í eða við minjarnar. Sérstaklega á þetta við bæjarhól Áskots. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist.

Áður en lokið verður við endanlegt skipulag deiliskipulagsreitsins er nauðsynlegt að minjarnar séu mældar nákvæmlega upp og færðar inn á skipulagskort.

Í skýrslulok er rétt að minna á að við framkvæmdir sem hafa í för með sér jarðrask ber að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós þrátt fyrir að þeirra sjái ekki stað á yfirborði. Þarf þá tafarlaust að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins sem úrskurðar um framvindu mála sbr. 20 gr. Þjóðminjalaga.

Heimildaskrá

Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands, 1990. *Fornleifaskrá; skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík. Ágúst Georgsson tók saman.

Íslendingasögur á stafrænu formi. Netúgáfan: <http://www.snerpa.is/net/isl/hredu.htm> (skoðað 06.12.2004).

Íslendingasögur, VII. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík 1947. Guðni Jónsson bjó til prentunar.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Kaupmannahöfn, 1907.

J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kmh. 1847. Bls. 352.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (9. bindi). Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1930.

Jón Garðarsson, munnleg heimild, 16. ágúst 2004.

Landamerkjabréf Neðra – Áss í Hólahreppi, þinglýst 27. maí 1886

Orri Vésteinsson, 1998. *Fornleifarannsókn á Neðra Ási í Hjaltadal 1998*. Fornleifastofnun Íslands FS068-98173. Reykjavík.

Ólafur Olavius. *Ferðabók; Landshagir í norðvestur, - norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókfellsúgáfan H.F. Reykjavík, 1964.

SF: Brynleifur Tobiasson. Skagfirzki fræði IV-V, Heim að Hólum. Sölufélag Skagfirðinga, 1943.

Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla. Akureyri 1954.

Örnefnastofnun Íslands; Örnefnaskrá fyrir Neðri-Ás, Rósmundur G. Ingvarsson skráði.

Hnitaskrá fyrir Áskot í landi Neðra-Áss í Hjaltadal

NR.	HLUTVERK	HNIT ISN93	
		Norður	Austur
1	Bæjarhóll	586860	487701
2	Tóft	586891	487735
3	Tóft	586889	487766
4	Túngarður	586798	487633
4	Túngarður	586848	487609
4	Túngarður	586896	487681
4	Túngarður	586862	487744
5	Stekkur	586897	487697
6	Fjánhús	586885	487638
7	Fjánhús og hlaða	586880	487633
8	Tóft	586901	487624
9	Varða	587014	487684

Áskot

Loftmynd: Loftmynd ehf.

Teikning: Bryndís Zoëga



Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Teitzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthléðsluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð, Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku, Einnig Hof, Fagríhvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuhólt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-As í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.krökur.is/glaumb/

